

Framboð til formanns FKA maí 2017

Kæru félagskonur.

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér til formennsku í FKA á aðalfundi félagsins þann 18. maí næstkomandi og óska ég eftir stuðningi ykkar við framboð mitt á fundinum.

Fyrir ykkur sem ekki þekkið mig þá heiti ég Fjóla Guðrún Friðriksdóttir og hef verið svo lánsöm að hafa eytt lífinu með æskuástinni minni, Haraldí Jóhannssyni, síðustu fjörutíu árin og eigum við tvö börn og fimm barnabörn.

Ég tel að reynsla mín og þekking úr atvinnulífinu síðustu fjörutíu árin muni nýtast vel í að efla og styrkja FKA en ég hef fjölbreytta reynslu af rekstri, stjórnun og markaðsmálum. Ég rak Forval heildverslun sem var stofnuð 1976 til ársins 2013 en þá seldum við hjónin snyrtivörudeild félagsins frá okkur. Ég var í hópi fjárfesta sem stofnuðu Apótekin sem síðar voru seld til Lyfju. Síðustu tvö ár vann ég við að stofna og reka fyrsta handverks brugghús landsins, Bryggjan brugghús, ásamt fleiri frumkvöðlaverkefnum sem ég er enn að hlúa að. Ég hef setið í stjórnun og tekið virkan þátt í ýmiskonar félags- og íþróttastörfum.

Ég hef fylgst með þremur framkvæmdarstjórum og fjórum formönnum í starfi FKA, hver öðrum öflugri og með sínar áherslur. Félagið hefur dafnað og vaxið undir þeirra stjórn, stjórnarkvenna og allra ykkar kröftugu kvenna sem eruð í félaginu. Ég hef starfað fyrir FKA með mörgum mjög kraftmiklum konum og meðal annars verið formaður viðskiptanefndar, starfað í golfnefndinni í nokkur ár og er núverandi formaður hennar.

Ég hef ákveðið að bjóða fram krafta mína sem formaður FKA næsta kjörtímabil. Mér finnst starf FKA mikilvægt og vil með þinni hjálp koma að því að efla það enn frekar.

Ég hlakka til að sjá ykkur

Fjóla Guðrún Friðriksdóttir



REYNSLA ÚR ATVINNULÍFINU

BRYGGJAN BRUGGHÚS

Stofnandi / fjárfestir
2014-2017

FORVAL

Stofnandi / framkvæmdarstj.
1976 -

APÓTEKIN

Stofnandi / fjárfestir
1996-2001

ÝMIS STJÓRNARSETA